

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 917/2011 um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við tæknifrjóvganir sem veittar eru án samnings við Sjúkratryggingar Íslands.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar breytist þannig:

- a. Í stað orðanna „1. október til og með 31. desember 2011“ í síðari málsl. 1. mgr. kemur: 1. janúar 2012 til og með 31. desember 2012.
- b. 2. mgr. orðast svo:
Endurgreiðsla sjúkratrygginga er sem hér segir:
Par sem ekki á barn saman/einhleyp kona sem ekki á barn: Önnur til fjórða meðferð 65%.

2. gr.

8. gr. reglugerðarinnar breytist þannig:

Í stað orðanna „1. október til 31. desember 2011“ í fyrri málsl. greinarinnar kemur: 1. janúar 2012 til og með 31. desember 2012.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stöð í 2. mgr. 19. gr., 2. mgr. 38. gr. og 55. gr. laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, öðlast gildi 1. janúar 2012 og tekur til þjónustu sem veitt er á tíma-bilinu 1. janúar 2012 til og með 31. desember 2012.

Velferðarráðuneytinu, 16. desember 2011.

Guðbjartur Hannesson.

Hrönn Ottósdóttir.